



Úrskurðarnefnd raforkumála
Friðgeir Björnsson
formaður
Granaskjóli 76
107 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. september 2007
Tilvísun: 2007080007
Bréfalykill: 02.6
Verknúmer: 4123002

Efni: Umsögn Orkustofnunar um kæru Orkuveitu Reykjavíkur vegna ákvörðunar Orkustofnunar um breytingar á gjaldskrá Landsnets hf.

Orkustofnun hefur borist erindi úrskurðarnefndar raforkumála, þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að koma að andmælum vegna kæru Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. ágúst 2007, varðandi niðurstöðu Orkustofnunar frá 20. júní 2007 um breytingar á gjaldskrá Landsnets hf. Með bréfi úrskurðarnefndar raforkumála til Orkustofnunar fylgdu bréf nefndarinnar til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. ágúst 2007, þar sem óskað er nánari skýringa á kærinni og bréf Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. september 2007, þar sem fram koma frekari útskýringar og rökstuðningur fyrir kærinni.

Orkustofnun hefur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003, m.s.br., meðal annars það hlutverk að setja flutningsfyrirtækinu aðskilin tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Stofnunin fær svo gjaldskrár, sem settar eru í samræmi við tekjumörk, sendar til athugunar á því hvort þær séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og reglugerða og sett tekjumörk. Telji stofnunin svo ekki vera, getur hún gert athugasemdir og gjaldskrá tekur þá ekki gildi fyrir en úr hefur verið bætt.

Kæra Orkuveitu Reykjavíkur skiptist í tvö megin kæratriði, annars vegar "breyting á innmötunargjaldi yfir í útmötun" og hins vegar "breyting gjaldskrár í dollar".

Breyting frá innmötunargjaldi í úttektargjald

Það er skilningur Orkustofnunar að kæra Orkuveita Reykjavíkur snúi ekki að tilfærslu á innmötunargjaldi yfir í úttektargjald út af fyrir sig, heldur einungis að þeirri aðferðafræði sem beitt er við þá tilfærslu.

Í kæru Orkuveitu Reykjavíkur er vísað til athugasemdar sem fyrirtækið gerði við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar. Þar leggur Orkuveita Reykjavíkur til að við vörpun tekna frá innmötun í útmötun verði miðað við afl og orku. Hingað til hefur innmötunargjaldinu verið skipt á milli tekjumarkna fyrir almenna notkun og stórnotenda eftir orkumagni. Orkustofnun ítrekar vegna þessa, það sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun: "Orkustofnun hefur við uppgjör tekjumarkna Landsnets hingað til skipt tekjum af innmötunargjöldum miðað við orkumagn, enda er engin forsenda til að meta hvert orkan frá einstökum virkjunum fer, hvaða virkjanir hafa verið keyrðar, hver á móti annarri o.s.frv. Hugmyndir Landsnets um yfirfærslu gjaldsins eru því í fullu samræmi við þá aðferð

sem hefur verið beitt, og kemur því ekki til með að raska innbyrðis hlutföllum milli tekjumarkna fyrir almennan flutning og flutning til stórnotenda. Með því móti eiga ekki að verða breytingar á tekjum Landsnets af hvorri starfsemi fyrir sig, enda er heldur ekki tilefni til að breyta tekjumörkum þessara þátta vegna breytinga á gjaldtöku. "

Í skýringabréfi Orkuveitu Reykjavíkur frá 5. september 2007, kemur fram það mat fyrirtækisins að "sú aðferð sem Landsnet hyggst beita við tilfærslu innmötunar í útmötun, mun[i] leiða til röskunar á innbyrðis vægi á milli gjaldskrá[a] til dreifiveitna annars vegar og stórnotenda hins vegar." Þá er sett fram í töflu áætlun fyrirtækisins um hver röskunin verði. Þar sem Orkustofnun hafði ekki upplýsingar um þær tölur sem fram koma í skýringabréfinu óskaði stofnunin nánari upplýsinga um þær og fékk frá Orkuveitu Reykjavíkur. Orkustofnun leggur áherslu á að fyrsti dálkurinn í töflu Orkuveitu Reykjavíkur ("fyrir breytingu") er byggður á því hvernig Orkuveita Reykjavíkur telur að tekjurnar hefðu átt að skiptast af innmötun ef henni hefði verið skipt samkvæmt þeirra tillögu þ.e. bæði að teknu tilliti til afls og orku. Þessi dálkur lýsir því ekki hvernig innmötunargjaldið hefur skipts hingað til. Annar dálkurinn ("ný gjaldskrá") er í samræmi við þá skiptingu innmötunar sem var fyrir gjaldskrárbreytinguna og verður óbreytt eftir hana, enda á breytt gjaldskrá að skila sömu tekjum í hvor tekjumörk fyrir sig. Dálkurinn "munur" er því merkingarlaus að mati Orkustofnunar.

Orkustofnun leggur áherslu á að stofnunin setur Landsneti hf. tvenn tekjumörk í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Gjaldskrá Landsnets hf. og síðan tekjur fyrirtækisins eru því afleidd stærð af hvorum tekjumörkum fyrir sig. Tekjur fyrirtækisins af innmötun og kerfisþjónustu skiptast síðan á milli þessara tekjumarkna eftir ákveðnum reglum, en að öðru leyti eru ekki tengsl á milli tekjumarkanna. Þær breytingar á gjaldskrá Landsnets hf. sem kærán fjallar um hafa því hvorki áhrif á tekjumörkin né raska þær innbyrðis hlutföllum tekjumarkna og tekna fyrirtækisins. Hins vegar bendir Orkustofnun á að hlutfall milli tekjumarkna og tekna Landsnets hf. af stórnotendum og dreifiveitum mun óhjákvæmilega breytast með aukinni raforkunotkun stórnotenda og þar með auknum orkuflutningi og tekjum Landsnets hf., sem af því leiðir. Því er eðlilegt að tekjumörk Landsnets hf. fyrir stórnotendur og dreifiveitur þróist hvor í sína átt.

Tekjumörk og tekjur Landsnets hf. á árinu 2005 í þús kr.

	Tekju- mörk	Tekjur	Tekjur umfram tekjumörk	Hlutfalls- legt frávik
Almennir notendur	2.719.684	2.853.231	133.547	4,9%
Stórnotendur	2.263.794	2.292.166	28.372	1,3%

Árið 2005 fóru tekjur Landsnets hf. nokkuð fram úr tekjumörkum bæði hjá stórnotendum en þó sérstaklega hjá almennum notendum, eins og sést í ofangreindri töflu. Hefði aðferð sú sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til verið notuð hefðu tekjur af almennum notendum farið ennþá meira fram úr tekjumörkum en tekjur af stórnotendum verið nokkuð undir tekjumörkum.

Þá bendir Orkustofnun á, að komi í ljós að tekjur Landsnets hf. af stórnotendum verði of háar, það er meiri en gert er ráð fyrir í tekjumörkum, mun það leiða til þess að tekjumörk verði lækkuð og gjaldskrá í kjölfarið.

Breyting á gjaldskrá Landsnets hf. úr íslenskum krónum í Bandaríkjadali

Eins og fram kemur í ákvörðun Orkustofnunar frá 18. júlí 2007 telur stofnunin ekki vera lagalegar hindranir í vegi fyrirhugaðra breytinga á gjaldskrá Landsnets hf. varðandi færslu í erlenda mynt. Í raforkulögum nr. 65/2003 er ekki mælt fyrir um það í hvaða gjaldmiðli gjaldskrár skuli vera. Stofnunin gerði því ekki athugasemd við að gjaldskrá Landsnets hf. fyrir flutning til stórnotenda yrði sett í erlendri mynt. Stofnunin taldi vera einingu um breytinguna meðal hagsmunaaðila, enda taldi hún athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur, sem fram komu í bréfi fyrirtækisins til Landsnets hf. frá 27. júní 2007, fyrst og fremst beinast að því að ekki væri nægilega langt gengið með því að aðeins gjaldskráin yrði í dollurum, sbr. það sem segir í niðurlagi bréfsins: *"Orkuveita Reykjavíkur hvetur til þess að Landsnet ásamt Orkustofnun beiti sér fyrir því að ekki verði farið í umræddar málamyndabreytingar á tekjum Landsnets, heldur verði skrefið tekið til fulls og eignir Landsnets færðar í dollar ásamt tekjum auk þess að uppgjör tekjumarkna verði í dollar."* Nú virðist hafa orðið breyting á afstöðu Orkuveitu Reykjavíkur, því í niðurstöðu skýringabréfs fyrirtækisins frá 5. september 2007 segir að ekki sé lagaheimild fyrir færslu gjaldskrár Landsnets hf. til stórnotenda úr íslenskum krónum í dollara og að gengisbreytingar feli í raun í sér gjaldskrárbreytingar sem þyrftu umfjöllun í samræmi við 12. gr. raforkulaga.

Orkustofnun telur ekki heimilt að setja tekjumörk í erlendri mynt á meðan þau eru ákveðin og sett í samræmi við 2. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þar sem í 2. tl. 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um að arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Því er, að gildandi lögum, óheimilt að verða við þeirri kröfu, sem fram kemur í bréfi Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. júní 2007 um að miða við ávöxtunarkröfu af bandarískum ríkisskuldabréfum. Þá bendir Orkustofnun á að samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 12. gr. raforkulaga er raunverulegur fjármagnskostnaður fyrirtækja ekki tekinn inn í forsendur við setningu tekjumarkna.

Orkustofnun telur rangt að draga þá ályktun að gengisbreytingar hafi það í för með sér að gjaldskrá breytist. Þvert á móti. Sé viðurkennt að heimilt sé að setja gjaldskrá í dollurum breytist hún eingöngu með sama hætti og aðrar gjaldskrár, þ.e. að undangengnu því ferli sem kveðið er á um í raforkulögum. Hins vegar breytist kostnaður í íslenskum krónum með gengisþróun og tekjur gætu sveiflast upp eða niður fyrir sett tekjumörk, eins og heimilt er skv. 3. mgr. 12. gr. raforkulaga. Orkustofnun telur enn mikilvægara en áður að sett verði takmörk á heimildir til uppsöfnunar réttinda samkvæmt ákvæðinu.

Niðurlag

Eins og áður segir, telur Orkustofnun ekki hafa komið fram andmæli varðandi þá breytingu að auka vægi úttektargjalds en draga á móti úr vægi innmötunargjalds í gjaldskrá Landsnets. Athugasemdir snúi fyrst og fremst að aðferðafræði við útfærslu. Ekki er um að ræða breytingu frá þeirri framkvæmd sem viðgengist hefur og telur Orkustofnun að fram komin kæra eigi ekki að breyta henni.

Eins og fram kemur í ákvörðun Orkustofnunar frá 18. júlí 2007 varðandi breytingu gjaldskrár Landsnets úr íslenskum krónum í Bandaríkjadali grundvallaðist hún ekki hvað síst á því samráði sem verið hafði við hagsmunaaðila við undirbúning breytingarinnar og að stofnunin taldi þá sammála um að breytingin væri æskileg. Tekið var fram að kæmi upp

ágreiningur, t.d. vegna afstöðu nýrra viðskiptavina til gjaldskrár í erlendri mynt kynni að þurfa að taka málið upp til endurskoðunar. Hin breytta afstaða Orkuveitu Reykjavíkur kemur á óvart, en Orkustofnun telur ekki að hún eigi að hafa áhrif á hina kærðu ákvörðun.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

Þorkell Helgason

Afrit sent til:

Orkuveitu Reykjavíkur

Bæjarhálsi 1

110 Reykjavík